



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ELDGOS OG HJÁLPARSTÖRF. HEIMSÓKN Á KIRKJUBÆJARKLAUSTUR OG Í SKAFTÁRHREPP

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson heimsótti í gær, miðvikudaginn 25. maí, miðstöð hjálparstarfs á Kirkjubæjarklaustri þar sem fulltrúar lögreglu, Landsbjargar, sveitarstjórnar og heilbrigðisstofnana samhæfa aðgerðir í kjölfar gossins í Grímsvötnum. Að því búnu heimsótti forseti í fylgd Eyglóar Kristjánsdóttur sveitarstjóra bændur í Skaftárhreppi og kynnti sér áhrif gossins á sauðfé og ræktunarhorfur.

Forseti gisti síðan í nótt á Kirkjubæjarklaustri og heimsótti snemma í morgun, fimmtudaginn 26. maí, miðstöð hjálparstarfsins á ný þar sem verið var að skipuleggja verkefni fjölda slökkviliðsmanna og björgunarsveita sem komið hafa frá mörgum byggðarlögum til að aðstoða heimamenn. Hann hélt síðan í ferð um hreppinn til að kynna sér nánar áhrif gossins á búskap og mannlíf.

Fram kom að breytingar í veðráttu síðustu daga, rigning og rok, hafa auðveldað mjög hreinsunarstarfið og flýtt fyrir að gróður og búfé nái sér á ný. Heimamenn eru mjög þakklátir fyrir aðstoð þeirra fjölmörgu sem komið hafa víða að af landinu til að rétta hjálparhönd og meta mikils hve fljótvirkt og vel samhæft hjálparkerfið er.

Í máli forseta kom fram að hinar þjálfuðu björgunarsveitir og samhæft starf lögreglu og sjálfbóðaliða sé í reynd dýrmæt auðlind fyrir þjóð sem hefur glímt við og mun einnig í framtíðinni þurfa að takast á við eldgos og aðrar náttúruhamfarir. Það skapi öryggi og samstöðu í landinu að vita af svo öguðu, samhæfðu og vel þjálfuðu hjálparliði.

Þá heimsótti forseti Klausturhóla, dvalarheimili aldraðra á Kirkjubæjarklaustri, og ræddi við heimilismenn en margir þeirra muna vel eldgos fyrri tíðar og rifjuðu upp frásagnir sem þeir höfðu heyrt á æskuárum af Kötlugosi og öðrum hamförum. Mikil aska hafði komið inn í borðsal og vistarverur dvalarheimilisins en með hjálp margra sjálfboðaliða hafði tekist að hreinsa hana alla í burtu á einum sólarhring.

26. maí 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).